

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/72/EB

2007/EES/31/30

frá 29. apríl 2004

**um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar
viðurkenndar markaðsvenjur, skilgreiningu á innherjaupplýsingum í tengslum við afleið
vöruskuldaskjöl, samningu innherjaskráar, tilkynningu um viðskipti stjórnenda og
tilkynningu um grunsamleg viðskipti (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik)⁽¹⁾, einkum annarri málsgrein 1. tölu og a-lið 2. tölu í 1. gr. og fjórða, fimmta og sjöunda undirlið 10. mgr. 6. gr.,

að fenginni tæknilegri ráðgjöf samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR)⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til þess að valda ekki skaða á hefðbundinni markaðsstarfsemi og heildarvirkni markaðarins verða markaðsaðilar að sýna sanngirni og skilvirkni í framkvæmd. Einkum geta markaðsvenjur, sem hindra samspil framboðs og eftirspurnar með því að takmarka möguleika annarra markaðsaðila á að bregðast við viðskiptum, stofnað heildarvirkni markaðarins í aukna hættu og því minnka líkurnar á að lögbær yfirvöld viðurkenni þær. Á hinn bóginn eru meiri líkur á að markaðsvenjur, sem stuðla að auknu greiðsluhæfi, hljóti viðurkenningu en venjur sem draga úr henni. Minni líkur eru á að lögbær yfirvöld viðurkenni markaðsvenjur sem brjóta í bága við lög og reglur, sem ætlað er að koma í veg fyrir markaðssvik, eða við siðareglur. Þar eð markaðsvenjur breytast hratt til þess að mæta þörfum fjárfesta er nauðsynlegt að lögbær yfirvöld séu á varðbergi gagnvart nýjum og nýtilkomnum markaðsvenjum.
- 2) Gagnsæi í markaðsvenjum markaðsaðila ræður úrslitum um hvort lögbær yfirvöld geta viðurkennt tiltekna markaðsvenju. Því ógagnsærri sem venja er því minni líkur eru á að hún verði viðurkennd. Þó geta venjur á mörkuðum, sem ekki eru skipulegir, verið ógagnsærri, af skipulagsástæðum, en svipaðar venjur á skipulegum mörkuðum. Lögbær yfirvöld skulu ekki telja slíkar venjur óviðunandi.

3) Tiltekna markaðsvenjur á tilteknum markaði skulu ekki stofna í hættu heildarvirkni annarra markaða innan Bandalagsins, sem tengjast honum beint eða óbeint, hvort sem þessir markaðir eru skipulegir eða ekki. Því meiri sem áhættan er fyrir heildarvirkni tengds markaðar innan Bandalagsins því minni líkur eru á því að lögbær yfirvöld viðurkenni þessar venjur.

4) Lögbær yfirvöld skulu, á meðan þau íhuga hvort viðurkenna skuli tiltekna markaðsvenju, hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld einkum að því er varðar tilvik þar sem markaðir, sem eru sambærilegir þeim sem er í athugun, eru fyrir hendi. Þó geta komið upp aðstæður þar sem markaðsvenja telst viðurkennd á einum tilteknum markaði en óviðunandi á öðrum sambærilegum markaði í Bandalaginu. Komi upp misræmi, þar sem markaðsvenja er viðurkennd í einu aðildarríki en ekki í öðru, getur samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði tekið málið til umræðu til að finna lausn. Í ákvörðunum sínum um slíka viðurkenningu skulu lögbær yfirvöld tryggja að mikið samráð sé viðhaft og gagnsæis gætt gagnvart markaðsaðilum og notendum.

5) Brýnt er fyrir markaðsaðila á mörkuðum með afleiður þar sem fjármálagerningar liggja ekki til grundvallar að öðlast meiri lögfræðilega vissu fyrir því hvað teljist til innherjaupplýsinga.

6) Mikilvæg ráðstöfun til að vernda heildarvirkni markaða er að útgefendur eða aðilar fyrir þeirra hönd eða fyrir þeirra reikning útbúi skrá yfir þá einstaklinga, sem starfa hjá þeim samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt og hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint. Þessar skrár geta gert útgefendum, eða slíkum aðilum, kleift að stjórna flæði slíkra innherjaupplýsinga og rækja þagnarskyldu sína. Enn fremur geta þessar skrár verið lögbærum yfirvöldum gagnlegt tæki við eftirlit með því að

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á IX viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 20, 21.4.2005, bls. 15.

(1) Stjtið. EB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

(2) CESR var komið á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EC frá 6. júní 2001 (Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43).

löggjöf um markaðssvik sé beitt. Nauðsynlegt er fyrir útgefendur og lögbær yfirvöld að geti sannreynt að hvaða innherjaupplýsingum innherji hefur aðgang og hvaða dag honum var veittur sá aðgangur. Aðgangur aðila á slíkri skrá að innherjaupplýsingum, sem tengjast útgefanda beint eða óbeint, hefur ekki áhrif á þá skyldu þeirra að forðast innherjasvik á grundvelli innherjaupplýsinga eins og skilgreint er í tilskipun 2003/6/EB.

- 7) Tilkynningar um viðskipti aðila sem hafa stjórnunarskyldum að gegna hjá útgefanda, sem þeir stunda fyrir eigin reikning, eða aðila, sem eru nátengdir þeim fyrrnefndu, eru ekki einungis verðmætar upplýsingar fyrir markaðsaðila heldur einnig frekari úrræði fyrir lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með mörkuðum. Skylda æðstu stjórnenda að tilkynna um viðskipti hefur ekki áhrif á skyldu þeirra til að forðast innherjasvik á grundvelli innherjaupplýsinga eins og skilgreint er í tilskipun 2003/6/EB.
- 8) Tilkynning um viðskipti skal vera í samræmi við reglur um flutning persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB⁽¹⁾ frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga.
- 9) Gerð er krafa um að tilkynningu um grunsamleg viðskipti aðila, sem sjá um fagleg viðskipti með fjármálagerninga, til lögbærs yfirvalds fylgi fullnægjandi vísbendingar um að viðskipti geti talist markaðssvik, þ.e. viðskipti sem gefa skynsamlega ástæðu til gruns um innherjasvik eða markaðsmisnotkun. Þótt tiltekin, einöngruð viðskipti virðist ekki vekja neinar grunsemdir geta þau bent til mögulegra markaðssvika þegar þau eru skoðuð í samhengi við önnur viðskipti, tiltekið athæfi eða aðrar upplýsingar.
- 10) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum í 8. gr. Evrópusáttmálans um mannréttindi.
- 11) Rádstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Skilgreiningar

Við beitingu 10. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Aðili sem hefur stjórnunarskyldum að gegna hjá útgefanda“:
 - a) aðili sem situr í stjórnar-, framkvæmda- eða eftirlitsnefnd útgefanda,
 - b) æðsti stjórnandi, sem situr ekki í þeim nefndum, sem um getur í a-lið, en hefur reglulegan aðgang að innherjaupplýsingum, sem tengjast útgefandanum beint eða óbeint, og vald til þess að taka stjórnunarákvarðanir sem hafa áhrif á framtíðarþróun og viðskiptamöguleika útgefandans.
2. „Aðili sem er nátengdur aðila sem er í stjórnunarstöðu hjá útgefanda fjármálagerninga“:
 - a) maki aðila, sem hefur stjórnunarskyldum að gegna, eða félagi þess aðila sem telst, samkvæmt landslögum, jafngilda maka,
 - b) börn á framfæri aðila, sem hefur stjórnunarskyldum að gegna, samkvæmt landslögum,
 - c) aðrir ættingjar aðila, sem hefur stjórnunarskyldum að gegna, sem hafa búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár þegar þau viðskipti, sem um ræðir, fara fram,
 - d) lögaðili, sjóður eða sameignarfélag, þar sem aðili, sem um getur í 1. tölul. þessarar greinar eða í a-, b- og c-lið þessa tölulíðar, hefur stjórnunarskyldum að gegna eða sem slíkur aðili stjórnar beint eða óbeint, eða sem komið var á fót í þágu slíks aðila eða ef slíkur aðili hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta, sem eru í megindráttum jafngildir hagsmunum slíks aðila.
3. „Aðili sem sér um viðskipti sem fagmaður“: a.m.k. fyrirtæki í verðbréfabjónustu eða lánastofnun.
4. „Fyrirtæki í verðbréfabjónustu“: hver sá aðili sem fellur undir skilgreininguna í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 93/22/EBE⁽²⁾,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27.

5. „Lánastofnun“: hver sá aðili sem fellur undir skilgreininguna í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB ⁽¹⁾,
6. „Lögbært yfirvald“: lögbært yfirvald eins og það er skilgreint í 7. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

2. gr.

Þættir sem taka skal tillit til þegar markaðsvenjur eru metnar

1. Við beitingu 2. mgr. 1. tölul. og a-liðar 2. tölul. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðildarríkin tryggja að þegar lögbær yfirvöld meta hvort viðurkenna eigi tiltekna markaðsvenju, með fyrirvara um samvinnu við önnur yfirvöld, taki þau tillit til eftirfarandi þátta, sem eru þó ekki tæmandi:
- a) hversu gagnsæ viðkomandi markaðsvenja er fyrir allan markaðinn,
- b) að nauðsynlegt er að vernda starfsemi markaðsaflanna og eðlilegt samspil framboðs og eftirspurnar,
- c) hversu mikil áhrif viðkomandi markaðsvenja hefur á lausafjárstöðu og skilvirkni á markaði,
- d) hversu mikið tillit er tekið, með viðkomandi markaðsvenju sem um ræðir, til fjárfestingaraðferða viðkomandi markaðar og markaðsaðilum gert kleift að bregðast við þeim nýju markaðsaðstæðum, sem þessi venja skapar, á réttan hátt og tímanlega,
- e) þeirrar áhættu, sem fylgir viðkomandi venju, fyrir heildarvirkni markaða, sem tengjast beint eða óbeint, hvort sem þeir eru skipulegir eða ekki, að því er varðar viðkomandi fjármálagerning innan alls Bandalagsins,
- f) niðurstöður allra rannsókna lögbærra yfirvalda eða annarra yfirvalda, sem nefnd eru í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 2003/6/EB, á viðkomandi markaðsvenju, einkum hvort viðkomandi markaðsvenja brjóti í bága við lög eða reglur, sem ætlað er að koma í veg fyrir markaðssvik, eða siðareglur, hvort heldur sem er á viðkomandi markaði eða á mörkuðum innan Bandalagsins, sem tengjast honum beint eða óbeint,
- g) einkenni í uppbyggingu viðkomandi markaðar, þ.m.t. hvort hann er skipulegur eða ekki, gerðir fjármálagerninga sem viðskipti eru stunduð með og hvers konar markaðsaðilar, þ.m.t. hversu mikil þátttaka smásöluþjófanna er á viðkomandi markaði.

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld greini sérstaklega, þegar þau leggja mat á þörfina á vernd sem um getur í b-lið fyrsta undirliðar, þau áhrif sem viðkomandi

markaðsvenja hefur á helstu færíbreytur markaðarins, eins og sérstök markaðsskilyrði áður en viðkomandi markaðsvenja er tekin upp, vegið meðalverð hvernar lotu eða daglegt lokaverð.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld telji ekki venjur, einkum nýjar eða nýtilkomnar markaðsvenjur, óviðunandi einungis vegna þess að þau hafi ekki áður samþykkt þær.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld endurskoði reglulega markaðsvenjur sem þau hafa viðurkennt, einkum með tilliti til verulegra breytinga sem hafa orðið á viðkomandi markaðsumhverfi, eins og breytingar á viðskiptareglum eða grunnvirki markaðarins.

3. gr.

Málsmeðferð við samráð og birting ákvarðana

1. Við beitingu 2. mgr. 1. tölul. og a-liðar 2. tölul. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld fari að málsmeðferðinni, sem er sett fram í 2. og 3. mgr. þessarar greinar, þegar þau leggja mat á hvort þau skuli viðurkenna eða viðurkenna áfram tiltekna markaðsvenju.

2. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/6/EB, tryggja að lögbær yfirvöld hafi, eftir því sem við á, samráð við viðkomandi aðila, þar á meðal fulltrúa útgefenda, veitendur fjármálaþjónustu, neytendur, önnur yfirvöld og fyrirtæki á markaði, áður en þau viðurkenna viðkomandi markaðsvenju eða ekki.

Í samráðsmálsmeðferðinni skal hafa samráð við önnur lögbær yfirvöld, einkum þar sem til staðar eru sambærilegir markaðir þ.e. að því er varðar uppbyggingu, umfang og gerð viðskipta.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti opinberlega ákvarðanir sínar varðandi viðurkenningu á viðkomandi markaðsvenju, þ.m.t. viðeigandi lýsing á slíkum venjum. Aðildarríkin skulu enn fremur tryggja að lögbær yfirvöld sendi ákvarðanir sínar, eins fljótt og unnt er, til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem birtir þær tafarlaust á vefsetri sínu.

Birta skal lýsingu á þeim þáttum sem tekið er tillit til þegar ákvarðað er hvort viðkomandi venja sé viðurkennd, einkum ef komist er að mismunandi niðurstöðum varðandi viðurkenningu á sömu markaðsvenju á mismunandi mörkuðum í aðildarríkjum.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1.

4. Ef rannsókn á tilteknum málum er þegar hafin er heimilt að fresta samráðsmálsmeðferðinni, sem sett er fram í 1.–3. mgr., þar til slíkri rannsókn er lokið og mögulegum tengdum viðurlögum verið beitt.

5. Ekki er heimilt að breyta markaðsvenju, sem var viðurkennd í kjölfar samráðsmálsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 1.–3. mgr., nema sömu samráðsmálsmeðferð sé beitt.

4. gr.

Innherjaupplýsingar í tengslum við afleidd vöruskuldaskjöl

Við beitingu annarrar málsgreinar 1. tölul. 1. gr tilskipunar 2003/6/EB er gert ráð fyrir að notendur á mörkuðum, þar sem stundað eru viðskipti með afleidd vöruskuldaskjöl, geri ráð fyrir að fá upplýsingar, sem tengjast beint eða óbeint einni eða fleiri slíkum afleiðum sem:

- eru reglulega gerðar aðgengilegar notendum þessara markaða, eða
- krafist er að séu birtar í samræmi við ákvæði laga og reglna, markaðsreglur, samninga eða venjur á viðkomandi markaði með vöruskuldaskjöld eða markaði með afleidd vöruskuldaskjöl.

5. gr.

Innherjaskrá

1. Við beitingu þriðju undirgreinar 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðildarríkin tryggja að á innherjaskrá séu allir þeir aðilar sem sú grein tekur til sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum, sem tengjast útgefandanum, beint eða óbeint, hvort sem er reglulega eða í einstaka tilvikum.

2. Í innherjaskránni skulu a.m.k. koma fram:

- deili á hverjum þeim aðila sem hefur aðgang að innherjaupplýsingum,
- ástæða þess að viðkomandi aðili er í skránni,
- hvaða dag innherjaskránni var komið á og hún uppfærð.

3. Uppfæra skal innherjaskrár tafarlaust

- þegar ástæður þess að aðili sem þegar er í skránni breytast,
- þegar bæta þarf nýjum aðila í skrána,
- með því að taka fram hvort og hvenær aðili, sem þegar er í skránni, hefur ekki lengur aðgang að innherjaupplýsingum.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að innherjaskráin sé geymd í a.m.k. fimm ár eftir að hún er samin eða uppfærð.

5. Aðildarríki skulu tryggja að þeir aðilar, sem gerð er krafa um að taki saman innherjaskrár, geri nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að allir aðilar á slíkri skrá, sem hafa aðgang að innherjaupplýsingum, viðurkenni þá laga- og eftirlitsskyldu sem því fylgir og geri sér grein fyrir þeim viðurlögum sem eru við misnotkun eða óviðurkvæmilegri miðlun slíkra upplýsinga.

6. gr.

Viðskipti stjórnenda

1. Við beitingu 4. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB og með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að kveða á um aðra tilkynningarskyldu en þá, sem fellur undir þá grein skulu aðildarríkin tryggja að lögbærum yfirvöldum sé tilkynnt um öll viðskipti í tengslum við hlutabréf, sem hafa verið tekin til skráningar á skipulegum markaði, eða við afleiður eða aðra fjármálagerninga, sem þeim tengjast, sem aðilar, sem um getur í 1. og 2. tölul. 1. gr. hér að framan, stunda fyrir eigin reikning. Þessir aðilar skulu fara að þeim reglum um tilkynningu sem gilda í aðildarríkinu þar sem útgefandi er skráður. Senda skal lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki tilkynningu innan fimm virkra daga frá degi viðskiptanna. Ef útgefandinn er ekki skráður í aðildarríki skal senda tilkynninguna lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem þess er krafist að lagðar séu fram árlegar upplýsingar í tengslum við hlutabréfin í samræmi við 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að ákvarða að ekki sé krafist tilkynningar eða að tilkynningu megi fresta til 31. janúar næstkomandi árs ef heildarupphæð viðskiptanna er lægri en fimm þúsund evrur í lok almanaksárs. Reikna skal út heildarupphæð viðskiptanna með því að leggja saman þau viðskipti, sem aðilar, sem um getur í 1. tölul. 1. gr., hafa stundað fyrir eigin reikning, og þau viðskipti sem aðilar, sem um getur í 2. tölul. 1. gr., hafa stundað fyrir eigin reikning.

3. Í tilkynningunni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- nafn þess aðila sem hefur stjórnunarskyldum að gegna hjá útgefanda eða, eftir atvikum, nafn þess aðila, sem er nátengdur fyrrnefndum aðila,
- ástæður tilkynningarskyldunnar,
- nafn viðkomandi útgefanda,
- lýsing á fjármálagerningnum,
- eðli viðskiptanna (þ.e. kaup eða ráðstöfun),
- dagsetning og staður viðskiptanna,
- verð og umfang viðskiptanna.

7. gr.

Grunsamleg viðskipti sem ber að tilkynna um

Við beitingu 9. mgr. 6. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðildarríkin tryggja að aðilarnir, sem um getur í 3. tölul. 1. gr. hér að framan, ákveði í hverju tilviki fyrir sig hvort skynsamleg ástæða sé til að gruna að viðskipti feli í sér innherjasvik eða markaðsmisnotkun, með hliðsjón af þeim þáttum sem teljast til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar, sem um getur í 1.–5. gr. tilskipunar 2003/6/EB, í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/124/EB⁽¹⁾ um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar skilgreiningu og birtingu á innherjaupplýsingum og skilgreiningu á markaðsmisnotkun og í 4. gr. þessarar tilskipunar. Með fyrirvara um 10. gr. tilskipunar 2003/6/EB skulu aðilar, sem sjá um viðskipti sem fagmenn, fara að þeim reglum, sem gilda um tilkynningar í því aðildarríki þar sem þeir eru skráðir eða hafa aðalskrifstofur, eða, ef um útibú er að ræða, í aðildarríkinu þar sem útibúið er staðsett. Tilkynningunni skal beint til lögbærs yfirvalds í þessu aðildarríki.

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar lögbærum yfirvöldum berst tilkynning um grunsamleg viðskipti sendi þau slíkar upplýsingar tafarlaust lögbærum yfirvöldum viðkomandi skipulegra markaða.

8. gr.

Frestur til tilkynningar

Aðildarríkin skulu tryggja að ef aðilum, sem um getur í 3. tölul. 1. gr., berst vitneskja um staðreynd eða upplýsingar sem gefa skynsamlega ástæðu til grunsemda varðandi viðkomandi viðskipti, skuli þeir tilkynna um það án tafar.

9. gr.

Efni tilkynningar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að aðilar, sem falla undir tilkynningarskyldu, sendi lögbæru yfirvaldi eftirfarandi upplýsingar:

- lýsingu á viðskiptunum, þ.m.t. hvers konar fyrirmæli er um að ræða (s.s. tilboð, markaðspöntun eða annars konar fyrirmæli) og gerð viðskiptamarkaðar (s.s. stórviðskipti),
- ástæður gruns um að viðskipti geti talist til markaðsvika,
- aðferðir við að bera kennsl á þá aðila, sem viðskipti fara fram fyrir, og aðra aðila, sem eiga hlut að viðkomandi viðskiptum,
- hvaða starfi aðilinn, sem fellur undir tilkynningarskyldu, gegnir (t.d. fyrir eigin reikning eða fyrir hönd þriðju aðila),

- allar upplýsingar sem kunna að skipta máli við rannsókn grunsamlegu viðskiptanna.

2. Ef þessar upplýsingar liggja ekki fyrir þegar tilkynningin er send, skulu a.m.k. koma fram í henni ástæður þess að þá aðila, sem tilkynna, grunar að viðskiptin geti talist til innherjasvika eða markaðsmisnotkunar. Allar aðrar upplýsingar skal veita lögbæru yfirvaldi um leið og þær liggja fyrir.

10. gr.

Tilkynningaraðferð

Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að senda lögbæru yfirvaldi tilkynningu með pósti, tölvupósti, símbréfi eða símleiðis, að því tilskildu að í síðasta tilvikinu sé veitt skrifleg staðfesting á því, að beiðni lögbærs yfirvalds.

11. gr.

Bótaábyrgð og þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu tryggja að aðili sem tilkynnir lögbæru yfirvaldi, eins og um getur í 7.–10. gr., upplýsi engan annan um tilkynninguna, sérstaklega ekki þá aðila sem viðskiptin fóru fram fyrir eða aðila, sem eru tengdir fyrrnefndum aðilum, nema með skírskotun til ákvæða sem mælt er fyrir um í lögum. Það að uppfylla þessar kröfur skal ekki hafa í för með sér bótaábyrgð þess aðila, sem tilkynnir, að því tilskildu að hann komi fram af heiðarleika.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld veiti ekki neinum aðila upplýsingar um deili á þeim aðila sem tilkynnti um viðskiptin, ef það hefði eða gæti haft í för með sér að aðilinn, sem tilkynnti um viðskiptin, beri skaða af. Þetta ákvæði er með fyrirvara um kröfur um framfylgd og fyrirkomulag um viðurlög samkvæmt tilskipun 2003/6/EB og reglum um miðlun persónuupplýsinga sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB.

3. Tilkynning, sem er send lögbæru yfirvaldi í góðri trú, eins og um getur í 7-10. gr., telst ekki brot gegn ákvæðum um takmörkun á birtingu upplýsinga, sem mælt er fyrir um í samningi eða laga- eða stjórnsluákvæðum, og er engin bótaábyrgð lögð á herðar aðilanum, sem tilkynnir, í tengslum við slíka tilkynningu.

12. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 12. október 2004. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 339, 24.12.2003, bls. 70.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.